

FRÆGT FÓLK

Lesskilningsverkefni

Ásdís H. Haraldsdóttir

Til kennara

Tuttugu og fimm gagnvirk verkefni sem reyna á lesskilning nemenda og þjálfá þá í að svara á hnitmiðaðan hátt spurningum úr stuttum textum.

Textarnir eru allir um sögufrægar persónur, allt frá Forn-Grikkjum fram á okkar daga.

Verkefnin má leggja fyrir í heild en henta einnig stök sem viðbótarverkefni. Þau eru gagnvirk, þ.e.

nemendur geta svarað spurningum beint í tölvunni með því að slá svarið inn á svarlínu.

Einnig má prenta verkefnin út og leggja þannig fyrir nemendur.



Lestu textann vel!

Sókrates var frægur grískur heimspekingur. Hann átti heima í Aþenu. Hann fæddist 469 f.Kr. og dó 399 f.Kr. Sókrates ræddi um tilgang lífsins og hegðun manna. Hann var frægur fyrir að leggja spurningar fyrir fólk og finna mótsagnir í svörum þeirra. Sókrates skrifaði engar bækur sjálfur en Platon nemandi hans skrifaði mikið um hann.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hver var Sókrates?

Hvaða ár fæddist hann?

Um hvað ræddi Sókrates við fólk?

Hvað hét nemandi hans sem skrifaði um hann?

Lestu textann vel!

Konfúsíus (f. 551 og d. 479 f.Kr.)
var kínverskur spekingur
sem hafði mikil áhrif á líf Kínverja.
Hann kenndi fólki að það ætti
að vera hlýðið við yfirmenn sína,
kurteist og óeigingjarnt.
Margir Kínverjar fylgja enn reglum hans.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hvenær var Konfúsíus uppi? (Hvenær lifði hann?)

Í hvaða landi bjó Konfúsíus?

Hver var Konfúsíus?

Hvað kenndi hann fólki?

Lestu textann vell!

Einu sinni héldu menn að jörðin væri flöt.
Fyrir 2500 árum komust Grikkir að því
að jörðin væri hnöttótt.

Nikulás Koperníkus var
pólskur stjörnufræðingur.
Hann fæddist árið 1473 og dó 1543.
Hann er frægur fyrir að sanna
að jörðin snerist um sólina.
Kóperníkus sannaði það árið 1543.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hverjir komust fyrstir að því að jörðin væri hnöttótt?

Frá hvaða landi var Kóperníkus?

Hvenær var hann uppi? (Hvenær lifði hann?)

Fyrir hvað er Kóperníkus frægur?

Hvaða ár tókst honum að sanna það?

Lestu textann vel!

Konstantín mikli varð keisari í vesturhluta Rómarveldis árið 312. Þeir sem stjórnðu á undan honum höfðu ofsótt kristna menn. Konstantín tók kristna trú sama ár og hann varð keisari. Hann gaf kristnum mönnum trúfrelsi árið eftir (árið 313). Sagan segir að Konstantín hafi tekið kristna trú þegar honum og hermönnum hans hafi birst kross á himni.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hver var Konstantín mikli?

Hvaða ár varð hann keisari?

Hvað gerðu mennirnir sem stjórnðu á undan honum?

Hvað gerði Konstantín fyrir kristna menn?

Hvers vegna tók Konstantín kristna trú?

Lestu textann vel!

Katrín mikla var keisaraynja í Rússlandi frá 1762–1796.

Katrín var af þýskum aðalsættum.

Hún giftist rússneskum prins og rændi síðan frá honum völdum.

Katrín kom á margvíslegum umbótum í Rússlandi.

Á meðan hún var við völd varð Rússland eitt helsta stórveldi Evrópu.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hver var Katrín mikla?

Hverjum giftist hún?


Hvað gerði Katrín til þess að komast til valda?

Hvaða ár var hún keisaraynja í Rússlandi?

Hvernig varð Rússland þegar Katrín stjórnaði landinu?

Lestu textann vel!

Bandaríkjamaðurinn **Thomas Edison** (1847–1931) var einhver mesti uppfinningamaður allra tíma. Hann er talinn eiga yfir 1000 uppfinningar. Þar á meðal eru hljóðritinn, hljóðneminn og aðferð til að gera kvikmyndir. Edison var líka einn af þeim sem fundu upp ljósaperuna.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hver var Thomas Edison?

Hvaða ár fæddist hann?

Hve margar uppfinningar er hann talinn eiga?

Skrifaðu þrennt sem Edison fann upp.

Frá hvaða landi var hann?

Lestu textann vel!

Jón Sigurðsson átti mestan þátt í því að Íslendingar fengu sjálfstæði. Jón fæddist að Hrafnseyri við Arnarfjörð þann 17. júní árið 1811. Hann bjó í Kaupmannahöfn og var oft kallaður Jón forseti. Við Íslendingar heiðrum minningu hans með því að halda þjóðhátíð okkar á afmælisdegi hans, 17. júní. Lýðveldið var stofnað sama dag árið 1944.



Á gröf Jóns stendur:
Óskabarn Íslands, sómi þess, sverð og skjöldur

- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Í hverju átti Jón Sigurðsson mestan þátt?


Hvenær fæddist hann?

Hvernig heiðra Íslendingar minningu Jóns?

Hvað stendur á gröf Jóns?

Lestu textann vel!

Maðurinn sem fann upp símann hét **Alexander Graham Bell** (1847-1922). Hann var skoskur uppfinningamaður og eðlisfræðingur. Hann var að gera tilraunir með kennslutæki fyrir heyrnarskerta þegar hann fann upp talsímann.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hver fann upp símann?


Frá hvaða landi var hann?

Hvaða tilraunir var hann að gera þegar hann fann upp símann?

Hvaða ár dó Bell?

Lestu textann vell!

Albert Einstein (1879–1955) var einn af frumkvöðlum nútíma eðlisfræði. Hann er frægastur fyrir afstæðiskenningu sína. Kenningar hans útskýra orku sólarinnar, kjarnorku og tilvist svarthola í heiminum. Einstein fékk Nóbelsverðlaun í eðlisfræði árið 1921. Hann var frá Þýskalandi en bjó lengi í Bandaríkjunum.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hver var Albert Einstein?

Fyrir hvað er hann frægastur?

Hvað útskýra kenningar Einsteins?

Hvaða fræg verðlaun fékk hann?

Frá hvaða landi var Einstein?

Lestu textann vel!

Kristófer Kólumbus var ítalskur sæfari frá Genúa. Hann reyndi að finna nýja siglingaleið til Austurlanda til þess að sækja krydd og annan dýrmætan varning. Hann lagði af stað árið 1492 á skipi sínu Santa María. Kólumbus kom að landi í Ameríku. Hann hélt að hann væri á Indlandi og kallaði fólkið sem bjó í Ameríku þess vegna indíána.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hver var Kristófer Kólumbus?

Hvað ætlaði hann að ná í til Austurlanda?

Hvaða ár fann hann Ameríku?

Hvað hét skip Kólumbusar?

Af hverju kallaði hann fólkið í Ameríku indíána?

Lestu textann vel!

Snorri Sturluson er frægasti rithöfundur Íslendinga fyrr og síðar. Hann fæddist í Hvammi í Dölum um 1198. Jón Loftsson í Odda tók hann í fóstur þegar hann var þriggja ára. Snorri skrifaði Heimskringlu og Snorra-Eddu. Sumir halda að hann hafi líka skrifað sögu Egils Skalla-Grímssonar. Snorri var mikill höfðingi og einn valdamesti maður á Íslandi frá 1220-1240. Hann var drepinn í Reykholti árið 1241.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hver var Snorri Sturluson?

Hver tók hann í fóstur?

Hvaða bækur skrifaði Snorri?

Hvar og hvenær var Snorri drepinn?

Lestu textann vel!

Alfred Nobel (1833-1896)
var sænskur efnafræðingur.
Hann fann meðal annars upp dínamítið.
Seinna ofbauð honum eyðingarmáttur þess.
Í erfðaskrá sinni stofnaði hann til verðlauna
sem áttu að auka frið og menntun í heiminum.
Verðlaunin heita nóbelsverðlaun.
Þau voru fyrst veitt árið 1901.
Að fá nóbelsverðlaun er mjög mikill heiður.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hver var Alfred Nobel?

Nefndu eitt af því sem hann fann upp.

Hvað eiga nóbelsverðlaunin að efla (auka)?

Hvaða ár voru þau fyrst veitt?

Hvernig ætli fólki finnist að fá nóbelsverðlaun?

Lestu textann vel!

Hómer var meðal fyrstu skálda heimsins.
Hann bjó í Grikklandi fyrir um 2700 árum.
Frægustu verk hans eru sögukviðurnar
Illíonskviða og *Odyseifskviða*.
Talið er að Hómer hafi verið blindur.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hver var Hómer?

Hvar bjó hann?

Hvað er langt síðan hann var uppi? (síðan hann lifði?)

Hvað heita frægustu verk Hómers?

Lestu textann vell!

Gajus Júlíus Sesar fæddist í Róm árið 100 fyrir Krist (skrifað f.Kr.). Hann var frægur hershöfðingi og stjórnmalamaður. Árið 45 f.Kr. réð hann öllu í Rómaveldi, var einvaldur. Andstæðingar hans, undir forystu Brútusar og Kassíusar gerðu samsæri gegn honum og drápu hann árið 44 f. Kr.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hvenær fæddist Sesar?

Fyrir hvað var hann frægur?

Hvar var hann einvaldur?

Hverjir voru helstu andstæðingar hans?

Hvenær var Sesar drepinn?

Lestu textann vel!

Wolfgang Amadeus Mozart

fæddist í Austurríki 1756 og dó 1791.

Hann er talinn einn mesti tónlistarsnillingur heims.

Hann lærði á fiðlu, sembal og píanó

og var faðir hans fyrsti kennarinn hans.

Mozart vann í Vínarborg við tónsmíðar og kennslu.

Hann samdi um 626 snilldarverk á stuttri ævi.

Það voru píanóverk, sínfóníur, kammerverk,

ljóðatónlist, messur, óperur og fleira.

Frægustu óperurnar eru *Brúðkaup Fígarós* og *Töfraflautan*.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hvar fæddist Mozart?

Fyrir hvað er Mozart frægur?

Hver var fyrsti kennarinn hans?

Hvað samdi hann mörg verk?

Hvað heita frægustu óperurnar sem hann samdi?

Lestu textann vel!

Jóhanna af Örk, oft nefnd mærin frá Orléans, er ein ástsælasta þjóðhetja Frakka.

Hún fæddist árið 1412.

Foreldrar hennar voru fátækir og hún kunni hvorki að lesa né skrifa. En hún var full af orku og krafti og varð frækinn stríðsmaður og herforingi í stríði gegn Englendingum. Hún var mjög trúuð og taldi sig útvalda af Guði til að koma hinum eina sanna konungi Frakka aftur til valda.

Englendingar náðu henni og dæmdu til dauða fyrir galdra og villutrú.

Hún var brennd á báli í Rouen árið 1431.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hvaða öðru nafni var Jóhanna stundum kölluð?

Hvaða ár fæddist hún?

Hvaða hlutverk taldi Jóhanna sig hafa?

Hvernig fór fyrir henni?

Lestu textann vel!

William Shakespeare er þekktasta leikritaskáld allra tíma.

Hann fæddist á Englandi 1554.

Shakespeare byrjaði að vinna sem leikari og leikhússtjóri en endaði sem leikritahöfundur.

Leikrit hans eru að mestu í bundnu máli (eins og ljóð). Þau eru talin snilldarverk.


Eftir hann eru m.a. harmleikirnir

Rómeó og Júlía, Hamlet og Macbeth.

Einnig samdi hann gamanleikinn

Draumur á Jónsmessunótt og sögulega leikritið Hinrik 5.

Shakespeare lést 52 ára gamall árið 1616.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Frá hvaða landi var Shakespeare?

Fyrir hvað er Shakespeare frægur?

Hvernig eru leikrit hans aðallega skrifuð?

Skrifaðu nöfn á tveimur leikritum eftir hann.

Hvenær dó Shakespeare?

Lestu textann vel!

Hans Christian Andersen fæddist í Odense í Danmörku árið 1805. Hann ólst upp í mikilli fátækt en var hjálpað til þess að mennta sig. Hann varð heimsfrægur fyrir ævintýri sín. Leikrit og kvikmyndir hafa verið gerð eftir mörgum ævintýranna. Vinsælar sögur eftir H.C. Andersen: *Litla stúlkan með eldspýturnar, Litli Kláus og stóri Kláus, Eldfærin, Prinsessan á bauninni, Litla hafmeyjan* og margar, margar fleiri.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Fyrir hvað er H. C. Andersen heimsfrægur?

Hvar fæddist hann?

Hvernig tókst honum að mennta sig?

Skrifaðu nöfn á þremur sögum eftir H. C. Andersen.

Hefur þú lesið sögu eftir hann?

Lestu textann vell!

Astrid Lindgren fæddist í Svíþjóð árið 1907.

Hún varð fræg þegar bókin hennar um Línu langsock kom út árið 1945.

Bækur hennar eru vinsælar hjá börnum vegna þess að í þeim eru ekki predikanir eða fordómar heldur hugmyndarík frásögn af fjörugum krökkum.

Bæði leikrit og kvikmyndir eru til eftir sögum hennar.

Sögur eftir Astrid Lindgren:

Emil í Kattholti, Ronja ræningjadóttir, Elsku Míó minn, Madditt,

Á Saltkráku, Bróðir minn ljónshjarta og margar, margar fleiri.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hvar fæddist Astrid Lindgren?

Fyrir hvaða bók varð hún fræg?

Hjá hverjum eru bækur hennar vinsælar?

Skrifaðu nöfn á þremur bókum eftir Astrid Lindgren.

Hefur þú lesið bók eftir hana?

Lestu textann vel!

Halldór Laxness (1902–1998).

Hann er einn frægasti skáldsagnahöfundur Íslendinga.

Halldór fékk bókmenntaverðlaun Nobels 1955.

Enginn annar Íslendingur
hefur fengið þessi eftirsóttu verðlaun.

Frægar skáldsögur eftir Halldór eru:

*Sjálfstætt fólk, Atómstöðin, Íslandsklukkan,
Paradísarheimt, Kristnihald undir Jökli, Salka Valka*
og margar, margar fleiri.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hvenær fæddist Halldór Laxness?

Fyrir hvað er Halldór Laxness þekktur?

Hvaða fræg verðlaun hlaut hann?

Skrifaðu nöfn á tveimur skáldsögum eftir Halldór Laxness.

Kannast þú við einhverja bók eftir hann?

Lestu textann vel:

Móðir Teresa fæddist í Albaníu árið 1910. Hún var nunna sem eyddi ævinni í að hjálpa munaðarlausum börnum og veiku fólki. Móðir Teresa starfaði í fátækrahverfum borgarinnar Kalkútta á Indlandi. Hún hefur verið kölluð *engillinn í Kalkútta*. Árið 1950 stofnaði hún reglu Kærleiksboðberanna. Móðir Teresa fékk Nóbelsverðlaun fyrir störf sín árið 1979.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hvar fæddist móðir Teresa?

Fyrir hvað var hún fræg?

Hvað heitir reglan sem hún stofnaði?

Hvað var móðir Teresa stundum kölluð?

Lestu textann vel:

Marie Curie fæddist í Póllandi árið 1867. Hún hét upphaflega Marya Sklodowska. Marie bjó í Frakklandi og vann við rannsóknir ásamt eiginmanni sínum, Pierre Curie. Þau fengu Nóbelsverðlaun í eðlisfræði árið 1903 fyrir rannsóknir á geislavirkni. Hún fékk þau í annað sinn árið 1911 fyrir rannsóknir í efnafræði. Þau einangruðu frumefnin *radíum* og *pólón*.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hvert var föðurland Marie Curie?

Við hvað starfaði hún?

Í hvaða tveimur greinum fékk hún Nóbelsverðlaun?

Hvaða frumefni einangruðu Curie hjónin?

Lestu textann vel:

Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1856–1940) var brautryðjandi í kvenréttindabaráttu á Íslandi. Hún barðist fyrir því að konur fengju sömu réttindi og karlar. Hún stofnaði Kvennablaðið og stóð fyrir stofnun Kvenréttindafélags Íslands. Bríet sat í bæjarstjórn í Reykjavík og var fyrsta íslenska konan sem bauð sig fram til Alþingis árið 1916.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Fyrir hverju barðist Bríet?


Hvað hét blaðið sem hún stofnaði?

Hvaða félag tók hún þátt í að stofna ?

Hvað gerði hún fyrst allra kvenna á Íslandi árið 1916?

Lestu textann vel:

Guðríður Þorbjarnardóttir fæddist á Íslandi um 980. Hún er talin víðförlasta kona miðalda. Hún sigldi fyrst til Grænlands og þaðan til Ameríku ásamt manni sínum, Þorfinni karlsefni. Þar eignaðist hún soninn Snorra sem var fyrsta hvíta barnið sem fæddist í Ameríku. Hún ferðaðist líka til Rómar og hitti páfann.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Fyrir hvað er Guðríður þekktust?

Til hvaða landa ferðaðist hún?

Hvað er merkilegt við fæðingu Snorra?

Hvern heimsótti Guðríður í Róm?

Lestu textann vel:

Kleópatra var drottning í Egyptalandi frá 51–30 f. Kr. Hún þótti mjög falleg en valdagraðug. Hún var ástkona Sesars Rómarkeisara og eignuðust þau soninn Sesarion. Eftir að hafa beðið ósigur fyrir helstu óvinum sínum neyddist hún til að flýja frá Egyptalandi.



- Svaraðu með heilum setningum og byrjaðu á undirstrikaða orðinu.
- Mundu að byrja á stórum staf og enda á punkti.

Hver var Kleópatra?

Hvernig er henni lýst?

Hver var faðir sonar hennar, Sesarions?

Hvernig fór fyrir Kleópötru?
